

## REGLUGERÐ

### um holræsagjöld í Garðakaupstað.

#### 1. gr.

Af öllum fasteignum í lögsagnarumdæmi Garðabæjar, sem liggja við vegi eða opin svæði, þar sem holræsalagnir liggja, skal greiða árlegt holræsagjald til bæjarsjóðs Garðabæjar.

#### 2. gr.

Af öllum fasteignum, er falla undir 1. gr. gjaldskrár þessarar, skal greiða árlega holræsagjald, sem nemur 0,15% af heildarfasteignamati fasteignarinnar, þ. e. a. s. af mati mannvirkja ásamt mati lóðar. Nú er fasteign, sem greiða ber af holræsagjald, eigi virt fasteignamatsvirðingu og ákveður þá bæjarráð fjárhæð gjaldsins. Við ákvörðun holræsagjalds samkvæmt þssari málsgrein, skal hafa hliðsjón af því, hvert líklegt fasteignamat myndi verða af eigninni fullfrágenginni

#### 3. gr.

Bæjarstjórn getur hækkað eða lækkað um allt að 50% framantalin gjöld, án þess að leita þurfi staðfestingar ráðuneytis.

#### 4. gr.

Holræsagjald hvers árs fellur í gjalddaga 15. janúar og innheimta þess fer með sama hætti og um fasteignaskatt enda skulu gjöld þessi innheimt sameiginlega.

#### 5. gr.

Húseigandi og lóðarhafi, lóðareigandi, ef um eignarlóð er að ræða ber ábyrgð á greiðslu holræsagjalds, og er gjaldið tryggt með lögveði í lóð og mannvirkjum.

#### 6. gr.

Reglugerð þessi skal taka gildi við álagningu holræsagjalds árið 1987 og gilda til ársloka 1993.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af bæjarstjórn Garðabæjar, staðfest hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 til þess að öðlast gildi þegar í stað.

*Félagsmálaráðuneytinu, 3. febrúar 1987.*

**Alexander Stefánsson.**

*Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.*